

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um námsstyrki, nr. 692/2003, með áorðnum breytingum.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Hámarksaðstoðartími er fjögur ár eða 8 annir.

2. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Síðasti dagur til að gera athugasemdir eða skila inn gögnum er 1. september ár hvert vegna námsársins á undan.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 8. gr. laga um námsstyrki, nr. 79/2003 og öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 6. ágúst 2010.***Katrín Jakobsdóttir.***Ásta Magnúsdóttir.***Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.